

## A 1809/kultur

<b>Flytjandi</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

### Nefndartillaga um betri skilyrði fyrir hreyfanleika nemenda við lýðháskóla og samstarf lýðháskóla á Norðurlöndum

#### Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að gera lýðháskólanemum fært að sækja um styrk hjá Nordplus Voksen vegna aukaútgjalda sem fylgja því að stunda fullt nám við lýðháskóla í öðru norrænu landi;*

*að koma á fót styrkjakerfi innan Nordplus til upplýsingastarfsemi lýðháskóla-samtakanna um möguleika á að stunda nám við lýðháskóla í öðru norrænu landi;*

*að koma á fót styrkjakerfi innan Nordplus sem geri lýðháskólum kleift að efla norræna ímynd sína.*

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til sænskra stjórnvalda

*að þau heimili Centrala Studiestödsnämnden að breyta reglum sínum í þá veru að sænskir nemendur geti sótt um styrki til náms við lýðháskóla í Noregi og Danmörku.*

#### Bakgrunnur

Styrkir Norrænu ráðherranefndarinnar voru margir og margvíslegir fram til ársins 2004 þegar Nordplus-áætlunin og fimm undiráætlanir leystu þá af hólmi. Fram að þeim tíma veitti Norræna ráðherranefndin tvenns konar styrki til norrænna lýðháskóla:

- Verkefnastyrki, samtals 4 m. DKK, sem lýðháskólar, lýðháskólasamtök og námsflokkar gátu sótt um til norrænna eða norrænna-baltneskra verkefna.
- Styrki, samtals 1,8 m. DKK, sem nemendur gátu sótt um til náms við lýðháskóla í öðru norrænu landi. Styrkirnir áttu að koma til móts við aukakostnað vegna mishárna gjalda norrænna lýðháskóla fyrir fæði og húsnæði og ferðakostnað.



Á árunum 1998–2003 sóttu 400–500 nemendur um styrkinn árlega, þar af fengu um 300 styrk.

Frá árinu 2004 var lýðhaskólanemum og lýðhaskólasamtökum bent á að sækja um hjá Nordplus Voksen. Lýðhaskólanemar geta sótt um hreyfanleikastyrk úr Nordplus Voksen, en krafan er að um skipulögð skipti sé að ræða milli tveggja lýðhaskóla. Einstaklingur sem hefur hug á lýðhaskólavist í öðru norrænu landi verður fyrst að fá vist á lýðhaskóla í heimalandinu. Að því loknu verður hann að hvetja viðkomandi lýðhaskóla og vonast til að hann sæki um styrk hjá Nordplus Voksen til skipta við lýðhaskóla í öðru norrænu landi. Einstaklingur sem hefur hug á lýðhaskólavist í öðru norrænu landi getur því ekki sótt um styrk hjá Nordplus Voksen vegna aukakostnaðar sem námið hefur í för með sér. Nordplus Voksen er fyrst og fremst hugsað fyrir samskipti stofnana en ekki fyrir nám einstaklinga við lýðhaskóla í öðru norrænu landi.

Hvað varðar annan lið tillögunnar þá er nefndinni ljóst að þörf er á betri upplýsingum fyrir einstaklinga sem hafa hug á námi við lýðhaskóla í öðru norrænu landi. Lýðhaskólasamtök í löndunum eru hæfust til að standa að upplýsingaaðgerðum af þessu tagi. Samkvæmt gildandi reglum um Nordplus eru styrkir ekki veittir til samfelldra upplýsingaaðgerða heldur einungis til sérstakra kortlagningar- og þróunarverkefna.

Hvað varðar þriðja tillögulið þá eru til lýðhaskólar sem hafa valið út frá eigin áherslum að efla norræna ímynd skólanna með norrænum námskeiðum og norrænu starfi. Fjárstuðningur á þessu sviði gæti orðið hvatning til að þróa nýjar norrænar leiðir og að fleiri lýðhaskólum gæfust tækifæri til að þróa norræn tengsl og innihald starfsins.

Aðdragandinn að tilmælunum til sænskra stjórnvalda er sá að Centrala Studiestödsnämnden setur sem skilyrði fyrir námstyrkjum að námi erlendis ljúki með prófi. Samkvæmt dönskum og norskum lögum er lýðhaskólum ekki heimilt að setja próf en fyrir vikið geta sænskir nemendur við lýðhaskóla í þessum löndum ekki fengið námsstyrki frá heimalandinu. Athygli verkur að einnig í Svíþjóð eru notuð önnur hugtök en próf til staðfestingar á því að námi lýðhaskóla sé lokið.

### **Álit nefndarinnar**

Þrátt fyrir að norrænir lýðhaskólar séu fjölbreyttir er sameiginlegt markmið þeirra að efla virka borgaravitund og trú á að upplýsing og menntun allra einstaklinga sé undirstaða farsællar þróunar velferðarsamfélagsins. Lýðhaskólarnir eiga þátt í að auka skilning nemenda á sameiginlegri sögu og menningu þjóðanna, tungumálum Norðurlandanna, lýðræði og samþættingu.

Norrænt samstarf er meðal annars sprottið upp úr persónulegum tengslum milli landanna. Samþætting á Norðurlöndum og norrænt samstarf hefur löngum notið breiðs stuðnings. Það á við um félagasamtök almennings en einnig stjórn málaflókka, stéttarfélag og atvinnulíf þar sem norrænt samstarf gegnir mikilvægu hlutverki. Frekari samþætting á Norðurlöndum er undir því komin að okkur takist að fækka hindrunum milli landanna og bæta upplýsingagjöf í því skyni að auðvelða fólki að



flytjast búferlum, sækja vinnu milli landa, stunda nám eða reka fyrirtæki yfir landamæri Norðurlandanna.

Lýðháskólarnir standa að alþýðufræðslu, það er menntun og fræðslu fyrir fullorðna. Námið er valfrjálst en það þýðir að fólk velur sjálft hvort og hvenær það sækir námið. Lýðskólarnir fylgja engum miðlægum námskrám eða annarri miðstýringu. Í því felst að nám, námskeið og starf er mótað út frá sniði viðkomandi lýðháskóla og virkri þátttöku nemenda.

Einkennandi fyrir lýðháskóla er að námið, námskeið og starf er mótað af hópnum í sameiningu út frá þörfum og forsendum þátttakenda. Námið byggist á því að allir í hópnum taka virkan þátt því námið felst í því að tala saman og bera saman reynslu sína. Samheldni nemenda eflist einnig með því að þeir búa saman á heimavist á lýðháskólanum. Lýðháskólar gefa á þann hátt einstakt tækifæri til að læra um Norðurlönd og dýpka skilning sinn á þeim. Þess vegna er mikilvægt að veita nemendum jöfn tækifæri til að stunda nám í öðru norrænu landi.

Norrænu forsætisráðherrarnir hafa lýst því yfir að Norðurlönd eigi að verða samþættasta svæði í heimi. Í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherra nefndarinnar um hreyfanleika 2019-2021 stendur að hreyfanleiki og samþætting séu burðarstoðir í norrænu samstarfi, enn fremur að án mikils hreyfanleika „myndi samstarf Norðurlandanna grotna niður“.<sup>1</sup> Samstarfsráðherrarnir vilja skapa góðar forsendur fyrir hreyfanleika og ákváðu að veita ráðherra nefndinni um menntamál og rannsóknir 3 m. DKK aukafjárveitingu í því skyni að efla og þróa Nordplus.

Í því felst að auka tækifæri nemenda til að stunda nám við lýðháskóla annars staðar á Norðurlöndum og jafnframt að gera lýðháskólum og lýðháskólasamtökum kleift að sinna langtímasterfi að upplýsingagjöf og þróun innan ramma Nordplus. Á þann hátt skapast aukin norræn nytsemi og hreyfanleiki á Norðurlöndum og náð verður heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 4.3. um að eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.

Þórshöfn í Færeyjum, 26. júní 2019

*Aron Emilsson (SD)*

*Brigitte Klinskov Jerkel (KF)*

*Daniel Riazat (V)*

*Himanshu Gulati (FrP)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Marianne Synnes (H)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Sjúrdur Skaale (Jvfl.)*

*Veronika Honkasalo (väinst)*

---

<sup>1</sup> <https://www.norden.org/da/publication/nordisk-ministerrads-handlingsplan-mobilitet-2019-21>